

SKÝRSLA

nefndar samkvæmt 27. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins fyrir tímabilið 1. júlí 1999 til 30. júní 2004.

1. Inngangur

Í 27. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hér á eftir nefnd starfsmannalög, er mælt fyrir um nefnd þriggja manna, sem skulu vera sérfróðir um stjórnsýslu, sbr. 2. mgr. greinarinnar. Hlutverk nefndarinnar er að rannsaka mál þeirra starfsmanna/embættismanna í þjónustu ríkisins sem veitt hefur verið lausn um stundarsakir fyrir meintar misfellur í starfi, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Ber nefndinni að láta í ljós álit sitt á því hvort rétt hafi verið að veita viðkomandi embættismanni lausn um stundarsakir svo að upplýst verði hvort veita skuli honum lausn að fullu eða láta hann taka aftur við embætti sínu, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Fjármálaráðherra skipar nefndina. Formaður nefndarinnar og varamaður hans eru skipaðir til fjögurra ára í senn, sbr. 2. mgr. 27. gr. Hinir tveir nefndarmennirnir eru skipaðir til meðferðar hvers einstaks máls, annar er tilnefndur af þeim ráðherra sem í hlut á en hinn af heildarsamtökum ríkisstarfsmanna.

Viðar Már Matthíasson, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, var skipaður formaður nefndarinnar þann 26. júní 1997. Formannskipti urðu þann 7. febrúar 2002 þegar Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, var skipuð formaður nefndarinnar. Gildir skipun hennar til 28. febrúar 2006.

Nefndin setti sér starfsreglur árið 1997. Samkvæmt 29. gr. þeirra skal nefndin gefa fjármálaráðherra árlega stutta skýrslu um störf sín sem einnig skuli send heildarsamtökum starfsmanna ríkisins. Þá segir í 2. mgr. 28. gr. reglnanna að nefndin skuli, þegar fjöldi afgreiddra mála gefur tilefni til, taka saman útdrætti úr einstökum málum í sérstöku hefti til almennrar dreifingar, ef fé verður veitt til þess. Í samræmi við þetta var gefin út skýrsla um þau mál sem bárust nefndinni tímabilið 1. júlí 1997 til 30. júní 1999. Í þessari skýrslu er hins vegar að finna útdrætti úr álitssgerðum nefndarinnar í þeim málum sem komið hafa til kasta nefndarinnar tímabilið 1. júlí 1999 til 30. júní 2004. Þess ber að geta að frá og með árinu 1999 hafa öll álit nefndarinnar verið birt í heild sinni á heimsíðu fjármálaráðuneytisins á vefslóðinni <http://www.fjarmalaraduneyti.is/starfsmenn-rikisins/>. Eru álitin þannig aðgengileg almenningi jafnharðan og þau liggja fyrir.

2. Störf nefndarinnar frá 1. júlí 1999 til 30. júní 2004

2.1. Fjöldi mála

Nefndin fékk til meðferðar alls ellefu mál á tímabilinu. Henni barst eitt mál árið 1999, sex mál árið 2002 og fjögur mál árið 2003. Nefndin fékk engin mál til meðferðar árin 2000 og 2001 og það sem af er ári 2004 hefur ekkert mál komið til kasta hennar.

2.2. Málsmeðferðartími

Meðferðartími mála hjá nefndinni er sá tími sem líður frá því að nefndarmenn hafa verið skipaðir í hverju máli og meðferð málsins hefst fyrir nefndinni og þar til skrifleg álitssgerð liggur fyrir. Hefur hann verið sem hér segir:

1. Mál nr. 1/1999 frá 26. janúar 2000 til 31. maí s.á. eða rúmlega 4 mánuðir.
2. Mál nr. 1/2002 frá 26. febrúar 2002 til 20. júní s.á. eða tæplega 4 mánuðir.
3. Mál nr. 2/2002 frá 18. mars 2002 til 20. júní s.á. eða 3 mánuðir.
4. Mál nr. 3/2002 frá 18. mars 2002 til 2. ágúst s.á. eða tæplega 4 ½ mánuður.
5. Mál nr. 4/2002 frá 25. mars 2002 til 5. júní s.á. eða 2 ½ mánuður.
6. Mál nr. 5/2002 frá 1. ágúst 2002 til 19. september s.á. eða 1 ½ mánuður.
7. Mál nr. 6/2002 frá 28. nóvember 2002 til 6. febrúar 2003 eða rúmlega 2 mánuðir.
8. Mál nr. 1/2003 frá 27. mars 2003 til 27. maí s.á. eða 2 mánuðir.
9. Mál nr. 2/2003 frá 16. apríl 2003 til 17. júlí s.á. eða 3 mánuðir.
10. Mál nr. 3/2003 frá 23. apríl 2003 til 22. september s.á. eða 5 mánuðir.
11. Mál nr. 4/2003 frá 30. júní 2003 til 22. september s.á. eða tæplega 3 mánuðir.

Vert er að benda á að meðferð mála nr. 3/2002 og 3/2003 fyrir nefndinni var frestað í meðan beðið var úrskurðar dómsmálsráðuneytis í kærumálum varðandi ákvörðun um lausn lögreglumanna um stundarsakir. Frestaðist fyrra málið í sex vikur af þeim sökum og það síðara í rúmlega fimm vikur.

Meðferðartími mála fyrir nefndinni hefur samkvæmt ofangreindu verið að meðaltali um 3 mánuðir.

2.3. Stjórnvöld sem veittu lausn um stundarsakir

Þau stjórnvöld sem veittu embættismönnum lausn um stundarsakir í þeim málum sem bárust nefndinni á tímabilinu eru: Rektor Háskóla Íslands, sbr. mál nr. 1/1999, forsætisráðuneytið, sbr. mál nr. 4/2002, menntamálaráðuneytið, sbr. mál nr. 5/2002, fjármálaráðuneytið, sbr. mál nr. 1/2003 og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, sbr. mál nr. 2/2003. Þá veitti ríkislögreglustjóri lausn um stundarsakir alls sex sinnum, sbr. mál nr. 1/2002, 2/2002, 3/2002, 6/2002, 3/2003 og 4/2003.

2.4. Embættismenn sem áttu í hlut

Þeir embættismenn sem veitt var lausn um stundarsakir voru: einn prófessor, sbr. mál nr. 1/1999, þrír forstöðumenn stofnana, sbr. mál nr. 4/2002 (Þjóðmenningarhús), 5/2002 (Kvikmyndasjóður Íslands) og 2/2003 (Löggildingarstofa), tollvörður, sbr. mál nr. 1/2003 og sex lögreglumenn, sbr. mál nr. 1/2002, 2/2002, 3/2002, 6/2002, 3/2003 og 4/2003.

2.5. Ástæður lausnar

Í sjö þeirra mála sem nefndinni bárust á tímabilinu var lausn um stundarsakir veitt á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sbr. mál nr. 1/2002, 2/2002, 3/2002, 6/2002, 1/2003, 3/2003, 4/2003. Samkvæmt því ákvæði má veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann er grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (alm.hgl.). Í sex þessara tilvika voru hlutaðeigandi embættismenn lögreglumenn en í einu tilviki tollvörður.

Í þremur málum var lausn um stundarsakir veitt á grundvelli 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sbr. mál nr. 4/2002, 5/2002 og 2/2003. Í því ákvæði segir að hafi embættismaður fjárreiður eða bókhald með höndum, þá megi veita honum lausn um

stundarsakir ef ætla má eða víst þykir að óreiða sé á bókhaldi eða fjárreiðum, bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta eða hann leitar nauðasamninga. Í öllum tilvikum var um að ræða forstöðumenn stofnana.

Þá ber að nefna að í máli nr. 1/1999 veitti stjórnvald lausn um stundarsakir á grundvelli 2. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Þar segir að rétt sé að veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi, eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt bann eða boð yfirmanns síns, hefur verið ölvaður að starfi eða framkoma hans eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ósæmilegar, óhæfilegar eða ósamrýmanlegar því embætti sem hann gegnir.

2.6. Niðurstöður nefndarinnar

Á tímabilinu staðfesti nefndin níu sinnum að stjórnvaldi hefði verið rétt að veita embættismanni lausn frá störfum um stundarsakir, sbr. mál nr. 1/2002, 2/2002, 3/2002, 4/2002, 6/2002, 1/2003, 2/2003, 3/2003 og 4/2003. Hins vegar taldi nefndin í tveimur málum að stjórnvaldi hefði ekki verið rétt að veita embættismanni lausn frá störfum um stundarsakir, sbr. mál nr. 1/1999 og 5/2002. Í einu séráliti nefndarmanns í máli nr. 2/2003 var talið að stjórnvaldi hefði ekki verið rétt að veita umræddum embættismanni lausn frá embætti um stundarsakir.

3. Útdrættir úr einstökum málum

3.1. Mál nr. 1/1999: Staða prófessors og yfirlæknis, valdbærni stjórnvalds, áminning, andmælaréttur, meðalhöfsregla, jafnræðisregla.

Í nóvember 1982 var auglýst staða prófessors í slysalækningum við læknadeild Háskóla Íslands (HÍ). Samkvæmt auglýsingunni fylgdi stöðunni starfsaðstaða á Borgarspítala. Í sérstökum samningi milli Borgarspítala og HÍ frá 1. janúar 1983 kom m.a. fram, að væri starfandi prófessor við sjúkrahúsið skyldi hann jafnframt vera yfirlæknir á viðkomandi deild spítalans. Þá var einnig tiltekið að HÍ veldi starfsmanninn að fengnu álitum stjórnar Borgarspítala. Jafnframt kom fram í samningnum að stjórn Borgarspítala tæki ákvörðun um hver hefði á hendi forstöðu viðkomandi deildar. Forseti Íslands skipaði A prófessor í slysalækningum við læknadeild HÍ frá 1. janúar 1984. A veitti forstöðu slysa- og bæklunardeild Borgarspítala auk þess að vera yfirlæknir. Árið 1990 var ráðinn sérstakur forstöðumaður deildarinnar en A var áfram yfirlæknir.

Með bréfi dags. 30. apríl 1999, undirrituðu af rektor HÍ ásamt forseta og varaforseta læknadeildar háskólans, rituðu á bréfsfni læknadeildar, var A veitt áminning vegna starfa sinna við læknadeildina með vísan til 21. gr. starfsmannalaga. Í bréfinu var m.a. vísað til þess að A hefði ekki náð fullnægjandi árangri í starfi sem prófessor. Í bréfinu kom einnig fram að fyrirhuguð áminning hefði verið rædd og samþykkt á fundi deildarráðs læknadeildar 17. febrúar 1999 og eftir að andmælabréf A barst hefði það verið kynnt í deildarráði og áminning samþykkt á ný af deildarráði þann 21. apríl 1999. Í bréfinu var þess krafist af A að hann kæmi fram með nákvæma og ítarlega greinargerð sem greindi m.a. frá hugmyndum hans og áformum um úrbætur á sviði slysa- og bæklunarlækninga. Greinargerð A barst 21. maí 1999 og var lögð fram á deildarfundi læknadeildar HÍ þann 27. maí 1999.

Á umræddum deildarfundi læknadeildar HÍ þann 27. maí 1999 var ákveðið að beina því til rektors að veita A lausn um stundarsakir frá störfum sem prófessor í slysalækningum við læknadeildina með vísan til 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og VI. kafla starfsmannalaga. Var þetta gert með tilvísun til áminningar sem A var veitt af hálfu rektors þann 30. apríl 1999 og ófullnægjandi andsvara A í áðurnefndri greinargerð hans um úrbætur.

Með bréfi Sjúkrahúss Reykjavíkur (SHR) dags. 27. maí 1999 var A tilkynnt um fyrirhugaða uppsögn hans úr starfi yfirlæknis við sjúkrahúsið og honum gefinn frestur til 17. júní 1999 að koma á framfæri andmælum. Að fengnum andmælum A var ráðningarsamningi A við SHR sagt upp með fjögurra mánaða fyrirvara þann 22. júlí 1999. Í málinu kom fram að HÍ gerði ekki athugasemd við þá ákvörðun stjórnenda SHR að slíta ráðningarsamningnum.

Lögmaður A ritaði rektor HÍ bréf dags. 2. september 1999 þar sem bent var á að uppsögn á ráðningarsamningi A við SHR gerði A ókleift að sinna starfi sem prófessor í slysalækningum þar sem hann hefði ekki starfsaðstöðu á sjúkrahúsi. Lögmaðurinn fór þess á leit að rektor gerði grein fyrir því með hvaða hætti A yrði gert kleift að gegna starfsskyldum sínum í ljósi umræddrar uppsagnar. Var bréfinu ekki svarað. Með bréfi dags. 1. nóvember 1999 tilkynnti lögmaður A að hann hefði höfðað mál á

hendur SHR til ógildingar á uppsögn á ráðningu A við spítalann. Óskaði A eftir því að HÍ aðhefðist ekkert í málinu á meðan málið væri til meðferðar hjá dómstólum.

Með bréfi rektors dags. 12. nóvember 1999 var A tilkynnt um fyrirhugaða lausn um stundarsakir úr stöðu prófessors með vísan til 2. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Í bréfinu kom m.a. fram að áðurnefnd greinargerð A um úrbætur hefði verið ófullnægjandi. Jafnframt var vísað til þess að A hefði verið sagt upp starfi sem yfirlæknir bæklunarlækningardeildar SHR en þar með hefði brostið forsenda fyrir prófessorsstöðu hans við HÍ. Taldi rektor að þrátt fyrir þá áminningu sem A hlaut 30. apríl 1999 hefði hann ekki náð fullnægjandi árangri í starfi sem prófessor við HÍ. A var veittur frestur til 26. nóvember 1999 til að koma á framfæri athugasemdum við umrædda ákvörðun. Með bréfi dags. 30. nóvember 1999 gerði A athugasemdir við fyrirhugaða lausn um stundarsakir og fór fram á árs rannsóknarleyfi.

Með bréfi rektors dags. 21. desember 1999 var A síðan veitt lausn um stundarsakir úr starfi prófessors við læknaeild HÍ, samkvæmt 2. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sbr. 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í sömu lögum. Í bréfinu var m.a. vísað til slakrar rannsóknarvirkni A og var umsókn hans um eins árs rannsóknarleyfi synjað. Málið barst nefndinni með bréfi Háskóla Íslands sama dag.

Í álitni nefndarinnar frá 31. maí 2000 var vísað til þess að álitafni málsins væri tvíþætt. Annars vegar hvort réttara aðferða hefði verið gætt við lausn um stundarsakir, þ.m.t. málsmeðferðarreglna stjórnarsýslulaga, og hvort þar til bær aðili hefði staðið að henni. Hins vegar hvort efnisleg skilyrði hefðu verið fyrir hendi til þess að veita A lausn um stundarsakir. Nefndin taldi að huga þyrfti að því hvort formreglur væru uppfylltar áður en litið væri til efnislegra skilyrða.

Í greinargerð HÍ fyrir nefndinni var því haldið fram að rektor hefði verið bær til að veita A lausn um stundarsakir í ljósi breytinga sem orðið hefðu á háskólalögum, þ.e. vald til að ráða prófessora var fært til rektors. Í greinargerð A fyrir nefndinni var því haldið fram að rektor hefði brostið vald til að veita A lausn um stundarsakir þar sem hann var skipaður af forseta Íslands í embætti prófessors. Nefndin taldi með vísan til lagabreytinga að háskólarektor hefði verið bær til að veita A, sem skipaður var af forseta Íslands, lausn um stundarsakir. Nefndin taldi jafnframt að þar sem A hafði forsetaskipun til starfs síns við gildistöku starfsmannalaganna árið 1996 þá nyti hann verndar 3. mgr. bráðabirgðaákvæðis laganna við starfslok. Samkvæmt því ákvæði gilda ákvæði 25. gr. og VI. kafla laganna um starfslok starfsmanna ríkisins sem skipaðir voru eða ráðnir í störf ótímabundið fyrir gildistöku laganna. Af því leiddi m.a. að fylgja hefði átt 5. mgr. 26. gr. laganna við lausn A um stundarsakir og því hefði mátt kæra umrædda ákvörðun til menntamálaráðherra. Nefndin tók hins vegar fram að ekki hefði verið vikið að þeirri kæruleið í áðurnefndu bréfi rektors frá 21. desember 1999.

Nefndin taldi að málsmeðferð í undanfara áminningar þeirrar, sem háskólarektor veitti A með bréfi dags. 30. apríl 1999, hefði ekki verið í samræmi við almenn sjónarmið stjórnarsýsluréttar af eftirgreindum ástæðum:

- Andmælaréttur sem A var veittur í bréfi varadeildarforseta læknaeildar HÍ dags. 28. desember 1998 var ekki virtur í raun þar sem ákvörðun um að veita A áminningu hefði þegar verið tekin þegar A var gefinn kostur á að tala máli sínu.
- Þar til bær aðili veitti A ekki andmælarétt, þ.e. rektor HÍ, heldur læknaeild HÍ. Í bréfi varadeildarstjóra læknaeildarinnar dags. 28. desember 1998, sem var undanfari áminningarbréfs dags. 30. apríl 1999, var tekið fram að læknaeildin hefði í hyggju að veita A áminningu og var A gefinn kostur á að koma að andmælum sínum. Nefndin benti á að læknaeildin hefði ekki verið bær aðili til að veita áminningu, sbr. 4. mgr. 26. gr. og 21. gr. starfsmannalaga. Slíkt hefði einungis verið á valdi forstöðumanns háskólans, þ.e. rektors. Í ljósi þessa hefði læknaeildin ekki heldur verið bær til að gefa A kost á að tjá sig um hina fyrirhuguðu áminningu.
- Jafnræðisregla var brotin með því að byggja áminningu og lausn um stundarsakir á slakri rannsóknarvirkni A, enda hafði H.Í. ekki getað sýnt fram á að rannsóknarvirkni A hefði verið slakari en annarra prófessora sem enn voru í starfi.
- Meðalhófsregla var ekki virt við meðferð á beiðni A um rannsóknarleyfi.

Nefndin taldi einnig að formlegir annmarkar hefðu verið á áminningunni sem rektor veitti A með bréfi dags. 30. apríl. 1999. Nefndin benti á að áminningin hefði verið rituð á bréfsefni læknaeildar en ekki háskólarektors. Bréfið var sent háskólarektor sem skrifaði undir það ásamt deildarforseta og varadeildarforseta læknaeildar. Aðdragandi allur benti til þess að áminningin væri í raun veitt af læknaeild en ekki háskólarektor. Sá síðarnefndi hefði skrifað undir bréfið vegna ábendingar menntamálaráðuneytisins um að það væri forstöðumanns stofnunar að veita áminningu. Þá taldi nefndin að áminningin hefði ekki uppfyllt lágmarks formskilyrði þar sem áminningarbréfið hefði ekki borið með sér hverjar afleiðingar áminningarinnar gætu orðið ef A bætti ekki ráð sitt.

Nefndin vísaði til þess að tilgangur áminningar samkvæmt 26. gr. starfsmannalaga væri að gefa starfsmanni sanngjarnt tækifæri til að bæta ráð sitt svo komast mætti hjá því að veita honum lausn um stundarsakir. Nefndin taldi að meginreglan væri sú að starfsmanni skyldi gefinn kostur á því með áframhaldandi starfi sínu að bæta ráð sitt eftir áminningu. Nefndin taldi því óheimilt að krefjast þess í áminningu að starfsmaður skili ítarlegri greinargerð um tiltekið efni sem sé síðan lögð til grundvallar mats á því hvort viðkomandi hefði bætt ráð sitt í starfi eins og gert var í málinu. Nefndin taldi að háskólarektor hefði á grundvelli meðalhófsreglu átt að gefa A sanngjarnt tækifæri til að bæta ráð sitt, þ á m. gefa honum kost á að skila inn gögnum sem vantaði til að unnt væri að meta hvort hann fullnægði skilyrðum fyrir rannsóknarleyfi.

Nefndin sagði að áminning sú, sem A var veitt 30. apríl 1999, hefði verið fyrsta formlega áminning hans á 15 ára starfsferli. Í málinu var því hins vegar haldið fram að deildarforsetar læknaeildar hefðu tvívegis veitt A munnlegar áminningar í byrjun tíunda áratugarins. Auk þess væru tilteknar tvær áminningar sem SHR hafði veitt A árin 1991 og 1994. Í þessu sambandi vísaði nefndin til þess að tímanlegt samhengi yrði að vera á milli áminningar og þeirra réttaráhrifa sem henni væri ætlað að hafa. Nefndin taldi að hvorki þær áminningar sem deildarforsetar veittu A í byrjun tíunda

áratugarins né þær áminningar sem SHR veitti honum 1991 og 1994 hefðu verið í tímanlegu samhengi við lausn um stundarsakir í árslok 1999. Nefndin taldi hins vegar að áminningin frá 30. apríl 1999 hefði verið í eðlilegu tímanlegu samhengi við lausn í árslok 1999. Nefndin vísaði þó til þess að A hefði ekki fengið sanngjarnt tækifæri til að bæta ráð sitt eftir að áminning var veitt. Þá hefði áminningin frá 30. apríl 1999 ekki uppfyllt þau formskilyrði sem gerð eru til áminninga, eins og áður segir. Vegna annmarka á formhlið máls tók nefndin ekki afstöðu til þess hvort efnisleg skilyrði hefðu verið fyrir hendi til að veita A lausn um stundarsakir.

Nefndin taldi að málsmeðferð HÍ hefði strax frá upphafi borið með sér að þann 28. desember 1998 hefði í raun verið búið að ákveða að veita A lausn um stundarsakir með fulla lausn frá störfum í huga. Nefndin taldi málsmeðferðina gefa til kynna að farið hefði verið eftir formreglum sem starfsmannalög setja vegna lausnar um stundarsakir án þess að gefa ætti A raunverulegt tækifæri á því að bæta ráð sitt.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að rektor hefði ekki verið rétt að veita A lausn frá störfum um stundarsakir.

3.2. Mál nr. 1/2002: Lögreglumenn, brot utan starfs, andmælaréttur.

Með bréfi dags. 12. desember 2001 veitti ríkislögreglustjóri A, lögreglumanni, lausn frá störfum um stundarsakir með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Ástæða umræddrar ákvörðunar var sú að gefin hafði verið út ákæra á hendur A þann 5. nóvember 2001 vegna meintra ofbeldisbrota og hótana hans gegn fyrrum sambýliskonu sinni sem talin voru varða við 233. gr., 194. gr., sbr. 20. gr., 209. og 217. gr. alm.hgl. Ríkislögreglustjóri taldi hin meintu brot A svo alvarleg að þau hefðu í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. alm.hgl. Hinn 13. mars 2002 gekk dómur í máli A þar sem hann var sakfelldur vegna hluta ákæruefnis og dæmdur til fangelsisrefsingar. A áfrýjaði dónum til Hæstaréttar.

Málið barst nefndinni með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 17. desember 2001. Aðalkrafa A var sú að málinu yrði vísað frá þar sem nefndin hefði ekki heimild að lögum til að fjalla um málið. A taldi að skýra bæri 27. gr. starfsmannalaga þannig að nefndinni væri einungis ætlað að fjalla um mál þar sem embættismenn hefðu verið leystir frá embætti fyrir brot í starfi. Vísaði A til þess að brot hans hefði ekki átt sér stað í starfi heldur hefði umrætt atvik átt sér stað í frítíma hans. Aðalkrafa ríkislögreglustjóra var sú að nefndin rannsakaði mál A og upplýsti um og legði mat á hvort honum skyldi veitt lausn að fullu eða hvort hann skyldi taka við embætti aftur.

Í álitinu frá 20. júní 2002 vísaði nefndin til þess að í 26. gr. starfsmannalaga væru skýrt tilgreind þau tilvik sem heimiluðu stjórnvaldi að veita lausn frá embætti um stundarsakir og að þar væru bæði nefnd tilvik í starfi og utan þess. Nefndin taldi að túlka bæri 27. gr. starfsmannalaga þannig að nefndinni væri ætlað að rannsaka öll mál þar sem embættismanni hefði verið veitt lausn um stundarsakir á grundvelli 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin hafnaði því aðalkröfu A um að málinu yrði vísað frá nefndinni.

Varðandi kröfu ríkislögreglustjóra, áréttaði nefndin að rannsóknarhlutverk hennar takmarkaðist við það að láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja embættismanni frá um stundarsakir, sbr. 2. mgr. 27. gr. starfsmannalaga. Nefndin

legði mat á hvort form ákvörðunar svo og aðdragandi og efnisleg skilyrði veitingar lausnar um stundarsakir hefði verið eins og lög áskilja. Athugun nefndarinnar takmarkaðist því við að meta hvort þær sakir, sem bornar höfðu verið á A, þegar ákvörðun var tekin um að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir, hefðu verið fullnægjandi grundvöllur þeirrar stjórnvaldsákvörðunar og hvort rétt hefði verið staðið að framkvæmd hennar. Nefndin taldi hins vegar að ákvörðun nefndarinnar um að rétt hefði verið að víkja manni úr embætti um stundarsakir gæti orðið grundvöllur undir síðari ákvörðun stjórnvalds um það hvort víkja ætti embættismanni að fullu eða ekki. Sá grundvöllur væri þó ekki bindandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga. Þar segir að ef ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök reynast ekki vera fyrir hendi skuli stjórnvaldið ekki víkja manni að fullu þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir. Nefndin taldi því að stjórnvaldið þyrfti að taka sjálfstæða ákvörðun um endanlega lausn úr embætti. Með hliðsjón af þessu lagði nefndin einungis mat á réttmæti ákvörðunar um að veita A lausn frá embætti um stundarsakir.

Nefndin vísaði til þess að samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga mætti veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann væri grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. alm. hgl. Nefndin taldi að lögreglumaður, sem sannur væri að sekt um þau brot sem talin voru upp í ákæru á hendur A, og vörðuðu m.a. alvarleg ofbeldisbrot og hótanir, væri þess ekki verður að gegna embætti lögreglumanns, sbr. 68. gr. alm. hgl. Taldi nefndin ekki skipta máli í því sambandi þótt ekki hefði verið krafist sviptingar embættis í opinbera málinu gegn A.

Nefndin taldi með vísan til 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga að ríkislögreglustjóra hefði ekki verið skylt að veita A andmælarétt áður en ákvörðun um lausn var tekin enda hefði umrædd ákvörðun verið byggð á 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin féllst því ekki á þau rök A að ríkislögreglustjóri hefði brotið rétt hans með að því gefa honum ekki kost á að neyta andmælaréttar áður en umrædd ákvörðun var tekin.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að ríkislögreglustjóra hefði verið rétt að veita A lausn frá embætti um stundarsakir.

3.3. Mál nr. 2/2002: Lögreglumenn, brot utan starfs, andmælaréttur.

Með bréfi dags. 14. febrúar 2002 veitti ríkislögreglustjóri A, lögreglumanni, lausn frá störfum um stundarsakir með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Ástæða umræddrar ákvörðunar var sú að gefin hafði verið út ákæra á hendur A þann 12. desember 2001 vegna meintrar líkamsárásar hans gegn fyrrum sambyliskonu sinni. Voru brot A talin varða við 1. mgr. 218. gr. alm. hgl. Ríkislögreglustjóri taldi hin meintu brot A svo alvarleg að þau hefðu í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. alm. hgl. Hinn 20. mars 2002 gekk dómur í máli A þar sem hann var sakfelldur og dæmdur til refsingar vegna brots á 1. mgr. 217. gr. alm. hgl. A áfrýjaði ekki dómnum þrátt fyrir að hann teldi annmarka á honum.

Málið barst nefndinni með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 25. febrúar 2002. Aðalkrafa A fyrir nefndinni var sú að málinu yrði vísað frá þar sem nefndin hefði ekki heimild að lögum til að fjalla um málið. A taldi að skýra bæri 27. gr. starfsmannalaga þannig að nefndinni væri einungis ætlað að fjalla um mál þar sem embættismenn hefðu verið leystir frá embætti fyrir brot í starfi. Vísaði A til þess að brot hans hefði ekki átt sér

stað í starfi heldur hefði umrætt atvik átt sér stað í frítíma hans. Aðalkrafa ríkislögreglustjóra var hins vegar sú að nefndin rannsakaði mál A og upplýsti um og legði mat á hvort honum skyldi veitt lausn frá starfi að fullu eða hvort hann skyldi taka við embætti aftur.

Í álitinu sínu frá 20. júní 2002 vísaði nefndin til þess að í 26. gr. starfsmannalaga væru skýrt tilgreind þau tilvik sem heimiluðu stjórnvaldi að veita lausn frá embætti um stundarsakir og að þar séu bæði nefnd tilvik í starfi og utan þess. Nefndin taldi að túlka bæri 27. gr. starfsmannalaga þannig að nefndinni væri ætlað að rannsaka öll mál þar sem embættismanni hefði verið veitt lausn um stundarsakir á grundvelli 26. gr. laganna. Nefndin hafnaði því aðalkröfu A um að málinu yrði vísað frá nefndinni.

Varðandi kröfu ríkislögreglustjóra, árétaði nefndin að rannsóknarhlutverk hennar takmarkaðist við það að láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja embættismanni frá um stundarsakir, sbr. 2. mgr. 27. gr. starfsmannalaga. Nefndin legði mat á hvort form ákvörðunar, svo og aðdragandi og efnisleg skilyrði lausnar um stundarsakir hefði verið eins og lög áskilja. Athugun nefndarinnar takmarkaðist því við að meta hvort þær sakir sem bornar höfðu verið á A, þegar ákvörðun var tekin um að veita honum lausn frá embætti um stundarsakir, væru fullnægjandi grundvöllur þeirrar stjórnvaldsákvörðunar og hvort rétt hefði verið staðið að framkvæmd hennar. Nefndin taldi hins vegar að ákvörðun nefndarinnar um að rétt hefði verið að víkja manni úr embætti um stundarsakir gæti orðið grundvöllur undir síðari ákvörðun stjórnvalds um það hvort víkja ætti embættismanni að fullu eða ekki. Sá grundvöllur væri þó ekki bindandi, sbr. 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga en þar segir að ef ávirðingar sem embættismanni eru gefnar að sök reynast ekki vera fyrir hendi skuli stjórnvaldið ekki víkja manni að fullu, þótt nefndin hafi talið rétt að víkja honum um stundarsakir. Nefndin taldi því að stjórnvaldið þyrfti að taka sjálfstæða ákvörðun um endanlega lausn úr embætti. Með hliðsjón af þessu lagði nefndin einungis mat á réttmæti ákvörðunar um að veita A lausn frá embætti um stundarsakir.

Nefndin vísaði til þess að samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga mætti veita embættismanni lausn um stundarsakir ef hann væri grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. alm. hgl. Nefndin taldi að þau brot, sem A var ákærður fyrir, væru ósamboðin lögreglumanni og til þess fallin, ef sönn reyndust, að gera það að verkum að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að vera lögreglumaður í skilningi 68. gr. alm. hgl. Þá taldi nefndin ekki skipta máli í þessu sambandi þótt í ákæru hefði ekki verið krafist sviptingar embættis.

Nefndin taldi með vísan til 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga að ríkislögreglustjóra hefði ekki verið skylt að veita A andmælarétt áður en ákvörðun um lausn var tekin enda hefði umrædd ákvörðun verið byggð á 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin féllst því ekki á þau rök A að ríkislögreglustjóri hefði brotið rétt hans með því að gefa honum ekki kost á að neyta andmælaréttar áður en umrædd ákvörðun var tekin.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að ríkislögreglustjóra hefði verið rétt samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga að veita A lausn um stundarsakir. Nefndin fann hins vegar að þeim óhæfilega drætti sem orðið hafði á tilkynningu um ákærana til ríkislögreglustjóra. Þá benti nefndin á að stjórnvaldinu bæri m.a. að líta til þess að

A var ekki sakfelldur fyrir jafn alvarlegt brot og hann var ákærður fyrir þegar það tæki ákvörðun um endanlega lausn A, sbr. 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga.

3.4. Mál nr.3/2002: Lögreglumenn, brot utan starfs, andmælaréttur.

Með bréfi dags. 27. febrúar 2002 veitti ríkislögreglustjóri A lausn frá embætti aðalvarðstjóra við embættið um stundarsakir með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Var ákvörðunin rökstudd með því að grunur léki á að A hefði brotið gegn tilteknum ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987, með því að koma sjálfum sér og eiginkonu sinni undan greiðslum iðgjalda ábyrgðartrygginga af tveimur bifreiðum og að hafa ekið þeim án þess að slíkar tryggingar væru í gildi. Hann var einnig grunaður um að hafa brotið gegn tilteknum ákvæðum laga nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar með því að hafa ekið tiltekinni bifreið án þess að greiða þungaskatt vegna hennar. Í bréfinu var tekið fram að hegðun A, kynni að vera svo alvarleg að hann yrði ekki talinn verður eða hæfur til að gegna starfi sínu, sbr. 68. gr. alm. hgl.

Málið barst nefndinni með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 28. febrúar 2002. Þann 4. mars 2002 kærði A umrædda ákvörðun ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins á grundvelli 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Var meðferð málsins fyrir nefndinni frestað á meðan stjórnvöldum A var til meðferðar hjá ráðuneytinu. Með úrskurði ráðuneytisins 31. maí 2002 var ákvörðun ríkislögreglustjóra staðfest.

Ríkislögreglustjóri krafðist þess fyrir nefndinni að hún rannsakaði mál A og léti í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja honum frá um stundarsakir. A krafðist hins vegar að nefndin staðfesti að ekki hefði verið skilyrði til þess að víkja honum frá störfum um stundarsakir og að nefndin legði mat á hvort hann skyldi taka aftur við embættinu. Í álitinu frá 2. ágúst 2002 áréttaði nefndin að rannsóknarhlutverk hennar skv. 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga takmarkaðist við það að láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja embættismanni frá um stundarsakir og að það væri ekki hlutverk hennar að leggja mat á hvort starfsmaður skyldi taka aftur við embætti sínu.

Nefndin vísaði til þess að skilyrði fyrir beitingu lokamálsliðar 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga væru tvíþætt. Annars vegar að grunur lægi fyrir og hins vegar að háttsemi, sem starfsmaður væri grunaður um, væri þess eðlis að hún hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. yrði þess krafist fyrir dómi.

Nefndin féllst ekki á röksemdir um að sekt starfsmanns þyrfti að hafa verið staðfest með dómi eða sektargerð eða ákæra verið gefin út til þess að stjórnvald gæti ákveðið lausn um stundarsakir á grundvelli lokamálsliðar 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin taldi að fyrra skilyrði lokamálsliðar 3. mgr. 26. gr. laganna hefði verið uppfyllt, enda hefðu atvik og gögn máls sem lágu fyrir þegar ákveðið var að veita A lausn um stundarsakir leitt nægilega í ljós að grunur lægi fyrir um refsiverða háttsemi.

Varðandi síðara skilyrði lokamálsliðar 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga taldi nefndin að þau brot sem A var grunaður um, ef sönn reyndust, væru svo alvarleg að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að vera lögreglumaður, sbr. 68. gr. alm. hgl. Vísaði nefndin til þess að brot A væru sérlega alvarleg í ljósi þess að A starfaði við löggæslu á vettvangi umferðarmála og hafði sérþekkingu á reglum um bifreiðaskráningar.

Þá vísaði nefndin til þess að samkvæmt 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga væri ekki skylt að veita embættismanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar um stundarsakir áður en hún tæki gildi, ef ástæður hennar væru aðrar en þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Fyrir nefndinni hafði A hins vegar bent á að skýra bæri umrætt ákvæði með hliðsjón af ummælum í greinargerð með lagafrumvarpinu varðandi 4. mgr. 26. gr. þess efnis að gefa bæri embættismanni kost á að tjá sig ef unnt væri að koma því við áður en ákvörðun væri tekin. Nefndin taldi með tilliti til aðstæðna málsins, þ.e. að A var í launalausú leyfi þegar ákvörðun var tekin, að ríkislögreglustjóri hefði átt að gefa A kost á að skýra mál sitt áður en umrædd ákvörðun var tekin. Hins vegar benti nefndin á að A hafði verið kunnugt um að grunur léki á því að hann hafði framið refsivert brot sem leiddi til lögreglurannsóknar. Í því ljósi og með vísan til afdráttarlauss orðalags 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga taldi nefndin að þessi annmarki á málsmeðferðinni leiddi ekki til þess að ákvörðun ríkislögreglustjóra væri ógild.

Það var niðurstaða nefndarinnar að ríkislögreglustjóra hefði verið rétt samkvæmt lokamálslið 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga að veita A lausn um stundarsakir. Hins vegar benti nefndin á að ríkislögreglustjóra bæri að líta til nýrra gagna sem komið höfðu fram við lögreglurannsókn málsins svo og niðurstöðu lögreglurannsóknarinnar þegar hann tæki ákvörðun um hvort A yrði veitt endanleg lausn frá embætti eða ekki, sbr. 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga.

3.5. Mál nr. 4/2002: Forstöðumaður stofnunar, afturköllun stjórnvaldsákvörðunar, ábyrgð á bókhaldi og fjárreiðum, meðferð fjármuna stofnunar, aukastörf, andmælaréttur.

Með bréfi dags. 25. febrúar 2002 var A, forstöðumanni Þjóðmenningarhúss, tilkynnt að forsætisráðherra hefði veitt honum lausn frá embætti um stundarsakir á grundvelli 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Var ákvörðunin rökstudd með vísan til niðurstaðna úttektar Ríkisendurskoðunar sem fram fór í desember 2001 á tilteknum atriðum í stjórn- og fjársýslu Þjóðmenningarhúss og forstöðumanns stofnunarinnar og 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga.

Í úttekt Ríkisendurskoðunar voru gerðar athugasemdir í átta liðum sem vörðuðu fjárreiður, störf og aukastörf A. Hafði A ekki verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum við drög að greinargerð Ríkisendurskoðunar áður en endanlegar niðurstöður hennar lágu fyrir. Var forsætisráðuneytinu og stjórn Þjóðmenningarhússins sérstaklega gerð grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar í bréfi dags. 4. febrúar 2002. Þann 7. febrúar 2002 sendi forsætisráðherra A bréf, en þar var því m.a. lýst yfir að ráðuneytið hefði fallist á niðurstöður Ríkisendurskoðunar og legði áherslu á að úr annmörkum yrði þegar bætt og ný vinnubrögð tekin upp. Þann 8. febrúar 2002 ritaði A svarbréf til forsætisráðherra þar sem hann m.a. óskaði eftir því að fá tækifæri til að gera grein fyrir sinni hlið málsins.

Með bréfi umboðsmanns A til forsætisráðherra dags. 17. apríl 2002 var lögmæti ákvörðunar um lausn um stundarsakir dregið í efa. Var vísað til þess að í bréfi forsætisráðherra dags. 7. febrúar 2002 hefðu falist endanlegar lyktir málsins gagnvart A um viðbrögð vegna greinargerðar Ríkisendurskoðunar. Með frávikningu A um stundarsakir þann 25. febrúar hefði sú ákvörðun verið afturkölluð án þess að skilyrði 25. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hefðu verið uppfyllt. Var gerð krafa til þess að

ákvörðunin yrði dregin til baka, enda stæðu endurupptökuheimildir 24. gr. stjórnsýslaga því ekki í vegi. Forsætisráðuneytið hafnaði þessari beiðni með bréfi dags. 22. apríl 2002.

Þann 22. apríl 2002 fól ríkissaksóknari ríkislögreglustjóra að hefja lögreglurannsókn á ákveðnum þáttum sem fjallað var um í greinargerð Ríkisendurskoðunar.

Málið barst nefndinni með bréfi dags. 12. mars 2002. Í áliti nefndarinnar frá 5. júní 2002 var fyrst tekin afstaða til álitafna um formhlið ákvörðunar um lausn A um stundarsakir en A hélt því fram að í bréfi forsætisráðherra til hans 7. febrúar 2002 hefðu falist endanlegar lyktir málsins gagnvart honum. Með vísan til þessa krafðist A þess að nefndin tæki afstöðu til þess hvort lausn um stundarsakir hefði falið í sér ólögmæta afturköllun stjórnvaldsákvörðunarinnar frá 7. febrúar í ljósi 25. gr. stjórnsýslulaga. Forsætisráðuneytið taldi hins vegar að ekkert í bréfinu til A frá 7. febrúar hefði gefið tilefni til að álykta að um væri að ræða endanlega ákvörðun sem síðar hefði verið afturkölluð. Nefndin taldi að umrætt bréf forsætisráðherra dags. 7. febrúar hefði ekki falið í sér stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga. Það var mat nefndarinnar að A hefði haft ekki ástæðu til að álykta að áðurgreint bréf hefði falið í sér málalok. Nefndin féllst því ekki á að ákvörðun um að veita A lausn um stundarsakir hefði falið í sér ólögmæta afturköllun stjórnvaldsákvörðunar, sbr. 25. gr. stjórnsýslulaga.

Af hálfu forsætisráðuneytisins var því haldið fram að lausn A um stundarsakir væri byggð á 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga og að rétt hefði verið að ákvörðuninni staðið. Ákvæðið heimilar stjórnvaldi að veita embættismanni lausn um stundarsakir m.a. ef óreiða er á bókhaldi eða fjárreiðum sem hann hefur með höndum. A færði hins vegar rök fyrir því að 1. ml. 3. mgr. 26. gr. laganna ætti ekki við í málinu. Nefndin taldi að skýra bæri ákvæði 1. ml. 3. mgr. 26. gr. laganna svo að það ætti ekki einungis við um þá embættismenn sem sérstaklega væru ráðnir til að þess að fara með bókhald og fjárreiður heldur einnig þá sem stöðu sinnar vegna færu með forræði á fjármálum og/eða bókhaldi stofnunar eða embættis. Var því skýringu A á umræddu ákvæði hafnað. Það var mat nefndarinnar að samkvæmt 2. mgr. 38. gr. starfsmannalaga hefði A stöðu sinnar vegna borið sérstaka ábyrgð á rekstri og fjármálum stofnunarinnar. Nefndin benti á að í skipunarbréfi A hefði verið vísað til þess að um skyldur hans færi eftir ákvæðum starfsmannalaga. Taldi nefndin að A hefði átt að vera kunnugt um þessar starfsskyldur og að ekki hefði borið að kynna honum þær sérstaklega.

Það var mat nefndarinnar að skýra yrði orðin „óreiða á bókhaldi eða fjárreiðum“ í 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga svo rúmt að þau ættu ekki aðeins við um vanrækslu á því að færslur væru í lagi og fjárreiður glöggar heldur tækju þau einnig til tilvika sem lytu að ólögmætum ákvörðunum um útgjöld stofnunar, óheimilli meðferð fjár og fjársýslu sem bryti gegn góðum stjórnsýsluháttum. Nefndin lagði mat á einstakar ávirðingar í greinargerð Ríkisendurskoðunar og taldi háttsemi A ámælisverða að þessu leyti í eftirfarandi atriðum:

1. Verktakagreiðslur til hans frá Þjóðmenningarhúsi.
2. Atvik sem vörðuðu ráðningarsamband Þjóðmenningarhúss við eiginkonu hans.
3. Verktakagreiðslur Þjóðmenningarhúss til eiginkonu hans.
4. Verktakagreiðslur Þjóðmenningarhúss til þjóðskjalavarðar.

5. Greiðslur vegna aksturs á eigin bifreið án staðfesta akstursskýrsla.
6. Greiðsla dagpeninga og fargjalds vegna utanferðar í persónulegum erindagjörðum.
7. Óheimil lántaka úr sjóði.

Nefndin féllst hins vegar ekki á að misbrestur á því að tilkynna forsætisráðuneyti um aukastörf teldist til óreiðu á bókhaldi eða fjárreiðum stofnunar í skilningi 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga og gæti það atriði því ekki réttlætt frávikningu um stundarsakir.

Nefndin vísaði til þess að A hafði ekki fengið tækifæri til að koma að athugasemdum sínum við drög að heildarniðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Nefndin taldi að rétt hefði verið að leita eftir andmælum A. Hins vegar benti nefndin á að áhrif þess að A var ekki gefinn kostur á andmælum gætu ekki orðið þau að ráðuneytinu hefði verið óheimilt að beita heimild 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga enda hefði legið fyrir rökstudd ástæða til að ætla að óreiða væri á fjárreiðum Þjóðmenningarhússins. Þá vísaði nefndin til þess að samkvæmt 3. ml. 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga væri ekki skylt að gefa embættismanni kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tæki gildi ef um væri að ræða frávikningu á grundvelli 3. mgr. 26. gr. laganna.

Nefndin taldi að skýrsla Ríkisendurskoðunar hefði gefið ráðuneytinu rökstudda ástæðu til að efast um að fjárreiður stofnunarinnar væru í lagi. Hefði því verið næg ástæða til að taka ákvörðun í málinu enda væri um að ræða bráðabirgðaákvörðun sem sætti sjálfstæðri skoðun nefndarinnar að fengnum sjónarmiðum og gögnum frá aðilum. Nefndin taldi því að þær ávirðingar sem greinargerð Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós hefðu verið lögmæltur grundvöllur ákvörðunar um lausn A úr embætti um stundarsakir.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að forsætisráðuneytinu hefði verið rétt að veita A lausn frá embætti um stundarsakir.

3.6. Mál nr. 5/2002: Forstöðumaður stofnunar, varsla bókhaldsgagna, óreiða á bókhaldi og fjárreiðum, fyrirhuguð áminning, andmælaréttur, meðalhófsregla.

Með bréfi menntamálaráðuneytisins til A, framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands, dags. 22. mars 2002 var honum tilkynnt að ráðgert væri að veita honum áminningu skv. 21. gr. starfsmannalaga vegna vanrækslu hans sem forstöðumanns Kvikmyndasjóðs Íslands á að gera fullnægjandi skil á bókhaldsgögnum sjóðsins og Kvikmyndasafns Íslands til Ríkisbókhalds, auk vanrækslu hans á að gera fullnægjandi skil á gögnum vegna ferðakostnaðar þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar um. Var A veittur frestur til 5. apríl 2002 til að koma að sjónarmiðum sínum vegna hinnar fyrirhuguðu ákvörðunar.

Þann 27. mars 2002 sendi menntamálaráðuneytið Ríkisendurskoðun bréf þar sem þess var farið á leit að hún rannsakaði reikningsskil Kvikmyndasjóðs Íslands fyrir árin 2000 og 2001. Sama dag sendi ráðuneytið A bréf þar sem honum var greint frá ósk ráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar. Í bréfinu var tekið fram að það færi eftir niðurstöðum rannsóknar Ríkisendurskoðunar hvort skilyrði væru til að veita A

áminningu eða hvort ástæða væri til að veita A lausn frá starfi um stundarsakir á grundvelli 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sbr. 4. mgr. 26. gr. sömu laga.

Þann 23. júlí 2002 veitti menntamálaráðuneytið A lausn frá embætti framkvæmdastjóra Kvikmyndasjóðs Íslands um stundarsakir á grundvelli 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sbr. 4. mgr. 26. gr. sömu laga. Var sú ákvörðun ráðuneytisins byggð á niðurstöðum rannsóknar Ríkisendurskoðunar á reikningsskilum Kvikmyndasjóðs Íslands fyrir árin 2000-2001. Eins og áður segir hafði menntamálaráðuneytið óskað eftir umræddri rannsókn Ríkisendurskoðunar í kjölfar margvíslegra athugasemda Ríkisbókhalds við skil á bókhaldsgögnum og uppgjör ferðareikninga hjá Kvikmyndasjóði á árunum 1999-2001. Í bréfi Ríkisendurskoðanda dags. 22. júlí 2002 sem fylgdi með endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir Kvikmyndasjóð árið 2001 kom m.a. fram að Ríkisendurskoðun teldi að varsla A og hirða um greiðslu- og bókhaldsgögn væri ámælisverð, ekki síst í ljósi þess að A hefði ítrekað verið hvattur til þess að taka sig á í þessum efnum. Með þessu hirðuleysi hefði A virt að vettugi grundvallarreglur sem giltu um bókhald ríkisins og vörslu bókhaldsgagna. Í áður nefndu bréfi menntamálaráðuneytisins til A dags. 23. júlí 2002 var vísað orðrétt til stórs hluta bréfs ríkisendurskoðanda frá 22. júlí sama ár.

Með bréfi lögmanns A til menntamálaráðuneytisins dags. 29. júlí 2002 var þess farið á leit að ráðuneytið afturkallaði ákvörðun sína um lausn A um stundarsakir. Var vísað til þeirrar niðurstöðu í bréfi ríkisendurskoðanda frá 22. júlí að gjörbylting hefði orðið til batnaðar á síðustu misserum í bókhaldi stofnunarinnar og því hefði ekki verið uppfyllt skilyrði 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Ráðuneytið hafnaði þeirri beiðni en vísaði til þess að málið væri í farvegi hjá nefnd skv. 27. gr. starfsmannalaga.

Málið barst nefndinni með bréfi menntamálaráðuneytisins dags. 23. júlí 2002. Menntamálaráðuneytið krafðist þess að nefndin staðfesti að ráðuneytinu hefði verið rétt að veita A lausn um stundarsakir. A krafðist þess hins vegar að tímabundin lausn hans úr embætti yrði metin óréttmæt.

Í áliti nefndarinnar frá 19. september 2002 kom fram að sem forstöðumaður stofnunarinnar hefði A borið ábyrgð á því að stofnun hans starfaði í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf, sbr. 38. gr. starfsmannalaga. Þá taldi nefndin að skýra bæri 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga þannig að ákvæðið ætti ekki eingöngu við um þá embættismenn, sem sérstaklega væru ráðnir til þess að fara með bókhald og fjárreiður, heldur tæki það einnig til þeirra sem stöðu sinnar vegna færu með forræði á fjármálum og/eða bókhaldi stofnunar.

Nefndin lagði mat á þær ávirðingar sem ráðuneytið reisti ákvörðun sína á og lýst var í bréfi til A dags. 23. júlí 2002. Nefndin var sammála þeirri niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að misfellur hefðu verið á vörslu bókhaldsgagna og uppgjöri ferðareikninga hjá Kvikmyndasjóði Íslands á árunum 2000-2001. A hefði þannig brotið gegn þeim starfsskyldum sínum sem lýst er í 1. mgr. 49. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins. Nefndin var hins vegar ósammála því mati menntamálaráðuneytisins að niðurstaða Ríkisendurskoðunar hefði leitt í ljós slíka óreiðu á bókhaldi eða fjárreiðum stofnunarinnar, sbr. 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, að þörf hefði verið á tafarlausri frávikningu A. Nefndin var jafnframt ósammála þeirri fullyrðinu ráðuneytisins um að ágallar á vörslu bókhaldsgagna og

uppgjör ferðareikninga hefði falið í sér óheimila meðferð og vörslur opinberra fjármuna. Þá féllst nefndin ekki á ávirðingar um að A hefði í engu sinnt boðun um lagfæringu á þessum atriðum þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir Ríkisbókhalds, ráðuneytisins og Ríkisfélags árin 1999-2001.

Nefndin taldi hins vegar að ráðuneytinu hefði verið rétt og skylt að kanna hvort grípa ætti til agaviðurlaga gagnvart A vegna brota á starfsskyldum hans. Í samræmi við það hefði ráðuneytið tilkynnt A með bréfi dags. 22. mars 2002 að fyrirhugað væri að veita honum áminningu á grundvelli 21. gr. starfsmannalaga og var honum veittur frestur til að andmæla þeirri ákvörðun. Nefndin taldi engar haldbærar skýringar hefðu komið fram frá ráðuneytinu um ástæður þess að málið var tekið úr þessum farvegi nokkrum dögum síðar þegar A var tilkynnt að óskað hefði verið rannsóknar Ríkisendurskoðunar og gæti niðurstaða hennar leitt til brottvikningar hans um stundarsakir. Nefndin taldi að með því að skipta um stefnu með þessum hætti hefði A misst þann andmælarétt, sem honum hafði verið veittur vegna fyrirhugaðrar áminningar. Taldi nefndin að rétt hefði verið að gefa A kost á að koma að andmælum sínum við þær ávirðingar sem reifaðar voru í bréfi ríkisendurskoðanda dags. 22. júlí 2002 og ráðuneytið reisti ákvörðun sína á áður en endanlegar niðurstöður í bréfi ríkisendurskoðanda voru afhentar ráðuneytinu.

Nefndin taldi, að þrátt fyrir undantekningarreglu 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga um að ekki sé skylt að veita starfsmanni andmælarétt um ástæður lausnar áður en hún tekur gildi, bæri að líta til atvika þessa máls sérstaklega. Vísaði nefndin til þess að ráðuneytinu hefði verið kunnugt um að A hafði ekki komið að andmælum sínum vegna ávirðinga í bréfi ríkisendurskoðanda. Þá leit nefndin til þess að ráðuneytið hefði afturkallað andmælarétt sem A var áður veittur þegar fyrirhugað var að áminna hann. Að lokum leit nefndin til þess að engin brýn þörf hefði verið á að taka ákvörðun um lausn A svo skjótt sem raun bar vitni vegna yfirvofandi hættu á því að óreiða á bókhaldi eða fjárreiðum stofnunarinnar ylli stofnuninni tjóni enda höfðu úrbætur verið gerðar. Með vísan til þessa taldi nefndin að ráðuneytinu hefði verið rétt að veita A kost á andmælum áður en það ákvað að veita honum lausn um stundarsakir.

Nefndin taldi að nokkuð hefði skort á að ráðuneytið hefði mótað sér sjálfstæða skoðun á þeim athugasemdum sem fram komu í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar þannig að fullnægt hefði verið rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga. Meðal annars virtist ráðuneytið hafa litið með öllu framhjá þeim niðurlagsorðum í bréfi ríkisendurskoðanda frá 22. júlí 2002 að gjörbreyting hefði orðið til batnaðar á þeim þáttum í rekstri Kvikmyndasjóðs sem sneru að bókhaldi, afstemmingum og vörslu gagna. Taldi nefndin að í ljósi þessara ummæla hefði ekki verið þörf á að taka ákvörðun í málinu án frekari skoðunar jafn skjótt og raun bar vitni.

Að lokum taldi nefndin að Ríkisendurskoðun hefði staðfest tilteknar ávirðingar í embættisfærslu A á árunum 2000-2001 án þess þó að uppfyllt væru efnisskilyrði 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga um óreiðu á bókhaldi eða fjárreiðum. Nefndin vísaði til meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga og taldi að eðlilegra hefði verið að menntamálaráðuneytið kannaði áfram hvort rétt væri að veita A áminningu fyrir brot á starfsskyldum, eins og stefnt var að í fyrstu, í stað þess að víkja honum úr embætti um stundarsakir að fengnum niðurstöðum Ríkisendurskoðunar.

Með hliðsjón af þessu taldi nefndin að menntamálaráðuneytinu hefði ekki verið rétt að veita A lausn frá embætti um stundarsakir.

3.7. Mál nr. 6/2002: Lögreglumenn, brot utan starfs.

Með bréfum frá lögreglustjóranum í Reykjavík, dags. 6. og 24. september 2002, var ríkislögreglustjóra tilkynnt að þrjár kærur á hendur A, rannsóknarlögreglumanni við embætti X, væru til rannsóknar hjá embættinu og vörðuðu þær meint kynferðisbrot hans gegn ungum stúlkum.

Með bréfi ríkislögreglustjóra til A dags. 26. september 2002 var því lýst yfir að til skoðunar væri hvort veita ætti A lausn um stundarsakir á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga vegna framkominna kæra á hendur honum. Var A gefinn frestur til að koma að andmælum, þótt ríkislögreglustjóri teldi það ekki skylt, sbr. 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Í bréfi til ríkislögreglustjóra dags. 7. október 2002 mótmælti A því að honum yrði veitt lausn frá starfi um stundarsakir með vísan til þess að rannsókn málsins væri ekki lokið. Byggði A á því að skýra yrði 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga þröngt, þannig að ekki væri nóg að starfsmaður væri borinn sökum heldur yrði að vera nokkuð ljóst að hann hefði framið refsiverðan verknað enda væri í 1. ml. 3. mgr. 26. gr. laganna notuð orðin “ætla má” og “víst þykir”.

Með bréfi dags. 16. október 2002 veitti ríkislögreglustjóri A lausn frá störfum um stundarsakir á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 36. gr. starfsmannalaga þar sem hann væri grunaður um háttsemi sem hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. Þann 7. janúar 2003 gaf ríkissaksóknari síðan út ákæru á hendur A fyrir meint kynferðisafbrot gagnvart þremur stúlkum. Hin meintu brot vörðuðu við 202. gr. og 209. gr. alm. hgl.

Málið barst nefndinni með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 31. október 2002. Ríkislögreglustjóri krafðist þess að nefndin rannsakaði mál A og legði mat á hvort rétt hefði verið að veita honum lausn frá starfi tímabundið. A krafðist þess hins vegar að nefndin staðfesti að ákvörðun ríkislögreglustjóra hefði verið röng og rétt væri að hann tæki við störfum á ný.

Í álitinu sínu frá 6. febrúar 2003 áréttaði nefndin að rannsóknarhlutverk hennar skv. 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga takmarkaðist við það að láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja embættismanni frá um stundarsakir og að það væri ekki hlutverk hennar að leggja mat á hvort starfsmaður skyldi taka aftur við embætti sínu.

Nefndin vísaði til þess að skilyrði fyrir beitingu lokamálsliðar 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga væru tvíþætt. Annars vegar að grunur lægi fyrir og hins vegar að háttsemi sem starfsmaður væri grunaður um væri þess eðlis að hún hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl. Ekki yrði fallist á að hvers kyns ásakanir um að lögreglumenn hefðu framið refsivert brot nægðu til þess að grunur teldist falla á þá í skilningi 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Nefndin taldi hins vegar að málsatvik og fyrirliggjandi gögn máls, þ.á m. gögn úr lögreglurannsókn á meintum brotum A, hefðu nægilega leitt í ljós að grunur hefði verið um refsiverða háttsemi hans og þannig hefði verið uppfyllt fyrra skilyrði 2. ml. 3. mgr. 26. gr. laganna. Við mat á síðara skilyrði 2. ml. 3. mgr. 26. gr. laganna taldi nefndin að hinn meinti refsiverði verknaður væri slíkur, ef sök sannaðist, að A teldist ekki lengur verður eða

hæfur til að rækja starfann í skilningi 68. gr. alm. hgl. Nefndin taldi að þau hegningarlagabrot, sem A var grunaður um að hafa framið þegar ákvörðun var tekin um lausn hans, hefðu verið ósamboðin lögreglumanni og til þess fallin að veikja traust almennings á störfum hans og lögreglunnar. Taldi því nefndin að ekki yrði hjá því komist að telja að slík háttsemi hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl.

Það var því niðurstaða nefndarinnar að ríkislögreglustjóra hefði verið rétt skv. 2. málslið 26. gr. starfsmannalaga að veita A lausn um stundarsakir. Hins vegar benti nefndin á að ríkislögreglustjóra bæri að taka tillit til nýrra gagna sem kynnu að koma fram við meðferð refsímáls A fyrir dómi áður en hann tæki ákvörðun um að veita A endanlega lausn frá embætti eða ekki, sbr. 2. mgr. 29. gr. starfsmannalaga.

3.8. Mál nr. 1/2003: Tollverðir, valdbærni stjórnvalds, brot í starfi, áhrif opinberrar rannsóknar á meðferð máls, andmælaréttur.

Með bréfi dags. 26. febrúar 2003 veitti fjármálaráðuneytið A lausn frá starfi um stundarsakir með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Aðdragandi umræddrar ákvörðunar var að rekja til þess að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra var með tvö mál til rannsóknar vegna grunsemda um ætluð brot A á tollalögum nr. 55/1987 og brot í opinberu starfi, skv. XIV. kafla alm.hgl. auk 147. gr. sömu laga vegna forskráningar, vöruskoðunar og tollafgreiðslu tiltekinna bifreiða. Var A kallaður til skýrslutöku hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vegna þessa þann 4. og 7. nóvember 2002.

Þann 4. nóvember 2002 fór Y, sýslumaður, fram á það við A að hann kæmi ekki til starfa næstu tvo daga. Er A mætti aftur til starfa 6. nóvember 2002, lýsti sýslumaður því yfir að hann ætti að vera áfram án vinnuskyldu heima við.

Þann 20. janúar 2003 ritaði sýslumaðurinn Y, bréf til A með yfirskriftinni „brottvikning úr starfi“. Í bréfinu var m.a. fullyrt að A hefði viðurkennt brot í starfi. Sýslumaðurinn vísaði til 3. mgr. 29. gr. starfsmannalaga sem kveður á um að víkja skuli starfsmanni að fullu úr embætti hafi hann játað að hafa gerst sekur um refsiverða háttsemi sem ætla má að hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm.hgl. Bréfinu fylgdi afrit af bréfi sýslumanns, dags. sama dag til fjármálaráðuneytis með ósk um að A yrði leystur frá störfum strax vegna framangreindra ástæðna. Með bréfi sýslumannsins, dags. 21. janúar 2003 til Fjársýslu ríkisins var óskað eftir því að A yrði tekinn af launaskrá. Í samræmi við þessa ósk sýslumannsins voru A ekki greidd laun 1. febrúar 2003. Var ákvörðun sýslumannsins síðan mótmælt af hálfu lögmanns A í bréfi dags. 28. janúar 2003. Í svarbréfi sýslumanns var áréttað að víkja bæri opinberum starfsmanni úr starfi játi hann að hafa gerst sekur um refsivert athæfi sem ætla mætti að gæti haft í för með sér embættismissi. Hefði sýslumaðurinn því ekki talið sig eiga annan kost en að víkja A úr starfi.

Þann 3. febrúar 2003 ritaði fjármálaráðuneytið Fjársýslu ríkisins bréf, þar sem fram kom að ráðuneytið hefði til meðferðar beiðni sýslumanns um að leysa A fyrirvaralaust frá embætti. Ráðuneytið vísaði til þess að samkvæmt 4. mgr. 31. gr. tollalaga nr. 55/1987 skipi fjármálaráðherra deildarstjóra til fimm ára í senn og veiti þar með einnig lausn frá því sbr. 26. og 31. gr. starfsmannalaga. Í bréfinu var þess óskað að A

yrði ekki tekinn af launaskrá strax enda lægi ákvörðun ráðuneytisins ekki fyrir í málinu. Í samræmi við þetta fékk A greidd full laun þann 7. febrúar 2003.

Með áður nefndu bréfi fjármálaráðuneytisins dags. 26. febrúar 2003 var A síðan veitt lausn um stundarsakir úr embætti deildarstjóra tollgæslunnar með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Í bréfinu var umrædd ákvörðun rökstudd og einnig vísað til þess að ekki væri skylt að gefa A kost á að tjá sig um ástæður lausnar áður en hún tæki gildi, sbr. 3. ml. 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga.

Málið barst nefndinni með bréfi fjármálaráðuneytisins dags. 18. mars 2003. Fjármálaráðuneytið krafðist þess að nefndin tæki afstöðu til þess hvort ráðuneytinu hefði verið rétt að víkja A frá embætti um stundarsakir og hvort víkja bæri A að fullu úr starfi. A krafðist þess hins vegar að nefndin vísaði málinu frá, en til vara að nefndin hafnaði því að rétt hefði verið að víkja honum úr starfi um stundarsakir.

Í álitinu sínu frá 27. maí 2003 taldi nefndin það ljóst af 2. mgr. 31. gr. tollalaga nr. 55/1987 að fjármálaráðuneytið hafi verið bært stjórnvald til þess að víkja A frá um stundarsakir en þar segir að ráðherra skipi deildarstjóra í tollgæslu. Nefndin féllst ekki á þá fullyrðingu A að sýslumaðurinn Y hefði með ólögmaetum hætti vikið honum úr embætti að fullu með áðurgreindu bréfi dags. 20. janúar 2003, enda ljóst af bréfinu að sýslumaðurinn óskaði eftir því við fjármálaráðuneytið að A yrði leystur frá störfum. Nefndin taldi hins vegar að tilkynning sýslumannsins þann 21. janúar 2003 til fjársýslu ríkisins um að A skyldi tekin af launaskrá hefði verið ótímabær og leitt til þess óhagræðis fyrir A að launagreiðslu hans seinkaði um viku.

Nefndin tók fyrst afstöðu til kröfu A um frávísun málsins frá nefndinni. Féllst nefndin ekki á þann skilning A á 5. gr. starfsreglna nefndarinnar að opinber rannsókn á máli, sem ekki er lokið, útiloki rannsókn nefndarinnar á málinu nema fjármálaráðuneytið hafi óskað eftir viðbótarrannsókn. Benti nefndin á að skoða yrði 5. gr. í ljósi 15. gr. reglnanna sem kveður á um að hafi stjórnvald eða starfsmaður óskað eftir því að fram fari opinber rannsókn skuli nefndin leitast við að fá öll þau gögn sem aflað hefur verið við þá rannsókn. Nefndin taldi að markmið 5. gr. væri að taka af skarið um að nefndin þyrfti ekki að endurtaka rannsókn á málinu heldur gæti lagt gögn úr opinberri rannsókn til grundvallar niðurstöðu sinni og til viðbótar rannsakað atriði sem opinbera rannsóknin beindist ekki að. Taldi nefndin að málið væri nægilega vel upplýst til þess að hún gæti skilað rökstuddu álitinu. Féllst nefndin því ekki á frávísun málsins á grundvelli 5. gr. starfsreglnanna.

Því næst tók nefndin afstöðu til kröfu A um frávísun máls þar sem rannsóknin væri þarflaus og íþyngjandi fyrir hann og bryti gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Nefndin vísaði í dóm Hæstaréttar frá 10. apríl 2003 í máli nr. 338/2002, Íslenska ríkið gegn Hannesi Inga Guðmundssyni. Þar taldi Hæstiréttur að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga væri stjórnvald ekki skylt að vísa máli til nefndarinnar þegar mál starfsmanns væri til rannsóknar að hætti opinberra mála. Í dómnum kom einnig fram að meðferð máls fyrir nefndinni gæti ekki leitt til sjálfstæðrar niðurstöðu nema lausn um stundarsakir væri jafnframt byggð á öðrum ástæðum en fram kæmu í niðurlagi 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Óskaði fjármálaráðuneytið eftir því að reka málið áfram fyrir nefndinni þrátt fyrir ofangreindan dóm. Nefndin taldi það hvorki þarflaust né íþyngjandi fyrir A þótt nefndin rannsakaði málið og léti í ljós rökstutt álit

sitt á því hvort rétt hefði verið að víkja honum frá störfum um stundarsakir. Skipti ekki máli í því sambandi þótt niðurstaða nefndarinnar gæti ekki leitt til sjálfstæðrar niðurstöðu um brottvikningu A að fullu. Í þessu samhengi vísaði nefndin til þess að úrræði 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga væri til að tryggja rétt starfsmanns. Nefndin féllst því ekki á þessa frávísunarkröfu A.

Með hliðsjón af kröfugerð fjármálaráðuneytisins, taldi nefndin nauðsynlegt að áréttta hvert verksvið hennar væri en takmarkaðist við að láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja embættismanni frá störfum um stundarsakir, sbr. 2. mgr. 27. gr. starfsmannalaga.

A taldi að sýslumaðurinn hefði átt að veita sér andmælarétt áður en hann tók þá ákvörðun að senda hann heim og áður en hann tók þá ákvörðun að afhenda honum bréf um brottvikningu út starfi. Nefndin taldi að aðgerðir sýslumanns sem stefndu að því að víkja honum að fullu úr starfi á grundvelli 3. mgr. 29. gr. starfsmannalaga hefðu aldrei náð lengra en að óska eftir ákvörðun fjármálaráðuneytisins um frávikningu. Taldi því nefndin ekki ástæðu til að meta hvort gæta hefði átt andmælaréttar A vegna ákvörðunar sem ekki var tekin. A taldi einnig að ráðuneytið hefði átt að veita sér andmælarétt áður en ákvörðun um lausn frá störfum var tekin með vísan til álita nefndarinnar í málum nr. 3/2002 og nr. 5/2002. Nefndin féllst ekki á þessi rök A og taldi að í ljósi afdráttarlauss orðalags 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga hefði ekki verið skylt að gefa A kost á að tjá sig um ástæður lausnar um stundarsakir.

Þá féllst nefndin ekki á að ráðuneytinu hefði borið að færa A til í starfi á meðan á opinberri rannsókn stóð. Nefndin vísaði til þess að í 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga væri skýr lagaheimild til þess að veita embættismanni lausn um stundarsakir við umræddar aðstæður. Rökin að baki ákvæðinu væru þau að ekki sé forsvaranlegt að maður sem grunaður er um alvarlegt brot í starfi gegndi því áfram á meðan slíkur grunur væri til staðar. Ætti þetta ekki síst um starfsstéttir sem héldu uppi lögum í þjóðfélaginu og þyrftu að njóta trausts almennings. Það var mat nefndarinnar að brot þau, sem A var grunaður um þegar ákvörðun var tekin um lausn um stundarsakir, væru ósamboðin embættismanni í tollgæslunni, sérstaklega í ljósi þess að A var yfirmaður með langa starfsreynslu. Nefndin taldi því að þau brot sem A var grunaður um, ef sönn reyndust, væru svo alvarleg að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til gegna embætti deildarstjóra í tollgæslunni, sbr. 68. gr. alm. hgl.

Það var því niðurstaða nefndarinnar að fjármálaráðuneytinu hefði verið rétt að veita A lausn um stundarsakir úr embætti deildarstjóra tollgæslunnar.

3.9. Mál nr. 2/2003: Forstöðumaður stofnunar, meðferð fjármuna stofnunar, óreiða á bókhaldi og fjárreiðum, áhrif úrbóta, meðalhófsregla, andmælaréttur.

Með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 21. febrúar 2003 var A, forstjóra Löggildingarstofu, tilkynnt að ráðherra íhugaði að veita honum tímabundna lausn frá embætti með vísan til 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga vegna stórfelldrar óreiðu á bókhaldi og fjárreiðum stofnunarinnar. Var vísað til niðurstaðna úttektar Ríkisendurskoðunar á tilteknum þáttum í fjármála- og eignausýslu Löggildingarstofu sem Ríkisendurskoðun sendi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með bréfi dags. 7. febrúar 2003. Í greinargerðinni voru gerðar alvarlegar athugasemdir við

ýmislegt í fjármála- og eignaumsýslu stofnunarinnar. Þá var þess getið að alvarleg veikindi fyrrverandi skrifstofustjóra hefðu haft umtalsverð áhrif á rekstur stofnunarinnar. Jafnframt var tiltekið að nýr skrifstofustjóri hefði hafið störf á árinu 2002 og að stofnunin hefði gripið til víðtækra aðgerða til þess að bæta úr ýmsu því sem athugasemdir beindust að í umræddri greinargerð. Þá sendi Ríkisendurskoðun, ráðuneytinu afrit endurskoðunarbréfs Ríkisendurskoðunar, þar sem einnig komu fram ýmsar athugasemdir.

Í fyrrgreindu bréfi ráðuneytisins var A gefinn kostur á að lýsa viðhorfi sínu til málsins og veittur frestur til 28. febrúar 2003 til þess að koma að andmælum. Að þeim tíma liðnum yrði tekin afstaða til þess hvort ástæða væri til þess að veita honum lausn um stundarsakir frá embætti eða eftir atvikum beita vægari úrræðum. A skilaði ítarlegri greinargerð með fylgigögnum þann 10. mars 2003 að fenginni framlengingu á fresti og komu þar fram andsvör við þeim ávirðingum sem á hann voru bornar. Voru athugasemdir A kynntar ríkisendurskoðanda og ræddar á fundi ráðuneytisins með Ríkisendurskoðun þann 14. mars 2003. Með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, dags. 8. apríl 2003 var A tilkynnt um þá ákvörðun ráðuneytisins að veita honum tímabundna lausn frá embætti.

Málið barst nefndinni með bréfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins dags. 8. apríl 2003. Af hálfu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins var þess krafist að nefndin staðfesti að ráðuneytinu hefði verið rétt að veita A lausn um stundarsakir. Af hálfu A var þess hins vegar krafist að lausn hans um stundarsakir frá embætti forstjóra Löggildingarstofu yrði metin óréttmæt.

Í álitinu sínu frá 17. júlí 2003 benti nefndin á að ráðuneytið hefði tekið rökstudda afstöðu til ávirðinga Ríkisendurskoðunar að teknu tillit til þeirra andmæla sem komið höfðu frá A í bréfi dags. 10. mars 2003. Nefndin féllst því ekki á þau rök A að brotið hefði verið gegn andmælarétti hans samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga. Jafnframt féllst nefndin ekki á þau rök A að ráðuneytið hefði brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga með því að veita A lausn um stundarsakir á grundvelli 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga í stað þess að grípa til annarra úrræða eins og t.d. að veita A áminningu.

Ennfremur féllst nefndin ekki á þann skilning A á ákvæði 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga að það gæti aðeins átt við ef óreiða væri til staðar þegar ákvörðun væri tekin um lausn um stundarsakir en ekki ef bætt hefði verið úr henni. Nefndin vísaði til þess að þessi skilningur ætti sér ekki stuðning í fyrri álitum nefndarinnar.

Fyrir nefndinni hafði A borið fyrir sig að hann hefði ekki haft hag af þeim atvikum sem töldust hafa farið aflaga. Í þessu sambandi taldi nefndin að það réði ekki úrslitum hvort embættismaður hefði haft fjárhagslegan ávinning af ólögumætum ákvörðunum um útgjöld stofnunar.

Nefndin taldi að skilja bæri ákvæði 3. mgr. 26. gr. laganna svo að það ætti ekki eingöngu við um þá embættismenn sem sérstaklega væru ráðnir til að fara með bókhald eða fjárreiður heldur einnig þá sem stöðu sinnar vegna færu með forræði á fjármálum og bókhaldi stofnunar eða embættis. Nefndin taldi að samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 155/1996 um Löggildingarstofu og 38. gr. starfsmannalaga, ásamt þeim

starfsskyldum sem fram komu í erindisbréfi forstjóra stofnunarinnar, hefði verið ljóst að A bæri ábyrgð á þeim atriðum sem aflaga hefðu farið varðandi fjárreiður Löggildingarstofu. Með hliðsjón af þessu taldi nefndin ekki hægt að vísa til þess að undirmaður A hefði haft með höndum daglega starfsrækslu verkefna og hefði tekið rangar ákvarðanir við þær sérstöku aðstæður sem uppi voru vegna veikinda hans enda var um langvarandi ástand að ræða, sem hægt hefði verið að grípa mun fyrr inn í. Í þessu samhengi vísaði nefndin m.a. til þess að A hefði ritað undir þá reikninga sem athugasemdir voru gerðar við. Nefndin taldi að vanræksla A á að sporna við athöfnum undirmanns síns hefði brotið gegn þeim skyldum sem forstöðumanni stofnunar bæri að rækja samkvæmt tilvitnuðum lögum og reglum.

Nefndin lagði mat á einstakar ávirðingar sem fram komu í greinargerð og endurskoðunarbréfi Ríkisendurskoðunar. Það var mat nefndarinnar að óreiða hefði verið á fjárreiðum Löggildingarstofu að því er varðaði eignakaup stofnunarinnar, eignaskráningu, vörslur og varðveislu eigna. Nefndin taldi einnig að rannsókn Ríkisendurskoðunar hefði leitt í ljós alvarlegar ávirðingar forstjórans varðandi kaup stofnunarinnar á verktakaþjónustu svo og margvíslegar misfellur sem tengdust m.a. launahækkunum starfsmanna, launabókhaldi, færslu bókhalds, einkaútgjöld í tengslum við rekstur bifreiða stofnunarinnar og vöntun fylgisskjala. Nefndin taldi að þegar öll þessi atriði væri skoðuð heildstætt þá væri ótvírætt, að við upphaf rannsóknar Ríkisendurskoðunar hefði verið óreiða á fjárreiðum Löggildingarstofu í skilningi 1. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, sem forstjóri hennar bæri ábyrgð á. Úrbætur A á fjárreiðum stofnunarinnar gætu ekki getað leyst hann undan ábyrgð á þeirri óreiðu sem úttekt Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós.

Niðurstaða meirihluta nefndarmanna var því sú að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu hefði verið rétt að veita A lausn um stundarsakir frá embætti.

Einn nefndarmaður skilaði séráliti. Taldi hann vafa leika á því hvort ráðuneytið hefði heimfært þær ávirðingar sem reyndi á í málinu réttilega undir 26. gr. starfsmannalaga, þ.e. hvort um hefði verið að ræða óreiðu í skilningi 1. ml. 3. mgr. 26. gr. laganna, eins og ráðuneytið taldi, eða vanrækslu af því tagi sem rakin væri í 2. mgr. 26. gr. laganna. Nefndarmaðurinn taldi að allar ávirðingarnar gætu fallið undir 2. mgr. 26. gr. starfsmannalaga enda felli sú óráðsía, sem tíðkast hafði í skjóli A og í mörgum tilvikum með samþykki A, undir ábyrgð hans „á að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt“, sbr. 2. mgr. 38. gr. starfsmannalaga, en til þeirrar greinar er vísað í 2. mgr. 26. gr. laganna. Nefndarmaðurinn taldi að A hefði sýnt af sér vanrækslu í skilningi 2. mgr. 26. gr. starfsmannalaganna. Var hann ósammála þeirri niðurstöðu meirihluta nefndarmanna að ávirðingar á hendur A hefðu fallið undir óreiðu í skilningi 3. mgr. 26. gr. laganna. Komst hann því að þeirri niðurstöðu að ráðuneytinu hefði ekki verið rétt að veita A lausn um stundarsakir frá embætti án undanfarandi áminningar.

3.10. Mál nr. 3/2003: Lögreglumenn, brot í starfi, andmælaréttur, aðgangur að gögnum í opinberri rannsókn, meðalhófsregla.

Ríkislögreglustjóri veitti A, lögreglumanni við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, lausn frá starfi lögreglumanns um stundarsakir með bréfi dags. 3. apríl 2003 með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Aðdragandi ákvörðunarinnar var að þann 18. mars 2003 barst ríkislögreglustjóra tilkynning frá lögreglustjóranum í

Reykjavík um þrjár kærur á hendur A vegna ætlaðrar ólögætrar handtöku þriggja einstaklinga í miðbæ Reykjavíkur dagana 8. og 9. mars 2003. Var B, lögreglumaður, einnig kærður vegna atviksins þann 9. mars (sjá mál nefndarinnar nr. 4/2003). Af þessum sökum mæltist lögreglustjórinn í Reykjavík til þess að ríkislögreglustjóri leysti A frá embætti um stundarsakir.

Með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 21. mars 2003 var A tilkynnt að til skoðunar væri hvort veita ætti honum lausn frá störfum um stundarsakir samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Var A veittur frestur til að koma að gögnum og andmælum áður en umrædd ákvörðun yrði tekin. Hins vegar var beiðni lögmanns A um afrit allra gagna í málinu hafnað með vísan til laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og 3. mgr. 15. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Meðal rannsóknargagna var myndbandsupptaka úr eftirlitsmyndavél lögreglunnar í Reykjavík sem sýnir handstökur sem A og B framkvæmdu 9. mars framan við veitingahús í miðbæ Reykjavíkur.

Með bréfi A dags. 28. mars 2003 bárust ríkislögreglustjóra andmæli A og með áður nefndu bréfi ríkislögreglustjóra dags. 3. apríl 2003 var A veitt lausn frá störfum um stundarsakir með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Í síðarnefndu bréfi kom m.a. fram að sú háttsemi, sem A var grunaður um, kynni að varða við tiltekin ákvæði hegningarlaga og hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. alm. hgl. Þann 10. júní 2003 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur A fyrir brot á tilteknum ákvæðum hegningarlaga sem vörðuðu ólöglegar handtökur, ranga skýrslugerð og brot í opinberu starfi. Í ákærinni var B, lögreglumaður, einnig ákærður vegna atvika sem áttu sér stað 9. mars 2003.

Málið barst nefndinni með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 4. apríl 2003. A kærði ákvörðun ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins 14. maí 2003 og frestaðist meðferð málsins fyrir nefndinni þar til úrskurður ráðuneytisins lá fyrir þann 23. júní 2003. Þar staðfesti ráðuneytið ákvörðun ríkislögreglustjóra um að veita A lausn frá störfum um stundarsakir.

Ríkislögreglustjóri krafðist þess fyrir nefndinni að hún rannsakaði mál A og legði mat á hvort rétt hefði verið að veita honum lausn frá starfi tímabundið. A krafðist þess hins vegar að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun ríkislögreglustjóra um tímabundna lausn hans frá störfum hefði verið röng og rétt væri að hann tæki við störfum á ný. Í álitinu frá 22. september 2003 áréttaði nefndin með hliðsjón af kröfugerð aðila að rannsóknarhlutverk hennar samkvæmt 1. mgr. 27. gr. starfsmannalaga takmarkaðist við það að láta í ljós rökstutt álit á því hvort rétt hefði verið að víkja embættismanni frá um stundarsakir, sbr. niðurlag 2. mgr. 27. gr. laganna.

Í greinargerð A, voru gerðar athugasemdir við það að honum hefði ekki verið gefinn kostur á því að kynna sér gögn málsins. Með því hefði honum verið ómögulegt að neyta þess andmælaréttar sem honum var veittur. Í þessu samhengi tók nefndin fram að með vísan til afdráttarlausss orðalags 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga væri ekki skylt að veita embættismanni andmælarétt, áður en ákvörðun var tekin um að veita honum lausn um stundarsakir, af ástæðum sem greindar eru í 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. A hafði engu að síður verið gefinn kostur á að koma að andmælum

við ákvörðuninni í samræmi við þá vinnureglu Ríkislögreglustjóra að gefa mönnum kost á að tjá sig áður en ákvörðun væri tekin á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. væri þess kostur, þótt slíkt væri ekki skylt. Ríkislögreglustjóri hafði hins vegar synjað A um aðgang að gögnum málsins með vísan til laga um meðferð opinberra nr. 19/1991 og 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Nefndin vísaði til þess að lögmæltar undantekningar frá rétti til aðgangs að upplýsingum hefðu verið fyrir hendi. Nefndin féllst hins vegar á þau sjónarmið A að andmælaréttur hans hefði í raun verið óvirkur þegar ríkislögreglustjóri synjaði um aðgang að gögnum málsins. Nefndin tók fram að ákveði stjórnvald að veita andmælarétt umfram lagalega skyldu, bæri því að tryggja að slíkur réttur yrði raunhæfur og virkur, m.a. með því að veita aðgang að gögnum máls. Ríkislögreglustjóra var hins vegar ljóst að honum var ókleift að afhenda A þau gögn sem ákvörðun hans byggði á þegar hann gaf A kost á andmælum. Þrátt fyrir þetta taldi nefndin ekki að umræddur ágalli leiddi til þess að ákvörðunin teldist ólögmat.

Nefndin féllst ekki á að ríkislögreglustjóri hefði brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga með því að veita A lausn um stundarsakir á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga í stað þess að neyta vægari úrræða gagnvart A, eins og t.d. að veita A áminningu. Nefndin vísaði til þess að umrætt ákvæði starfsmannalaga væri lögmælt bráðabirgðaúrræði sem lögin veittu til þess að bregðast á skjótan hátt við sérstökum aðstæðum. Rökin hér að baki væru þau að ekki væri forsvaranlegt að maður, sem grunaður væri um að hafa framið brot í starfi, gegndi því áfram á meðan slíkur grunur væri til staðar. Ætti ákvæðið ekki síst við um starfsstéttir sem hefðu það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þyrftu að njóta trausts almennings. Þá féllst nefndin ekki heldur á þær röksemdir A um að ríkislögreglustjóri hefði verið vanhæfur til þess að fara með málið þótt hann hefði áður haft afskipti af málefnum A.

Að lokinni umfjöllun um formleg skilyrði lausnar um stundarsakir á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga tók nefndin til skoðunar efnisleg skilyrði umrædds ákvæðis. Nefndin taldi, að með hliðsjón af atvikum máls og fyrirbyggjandi gögnum þess, að verulegur vafi léki á því hvort að tilefni hefði verið til þeirra handtaka sem málið varðaði og hvort meðalhófs hafi verið gætt við framkvæmd þeirra. Taldi nefndin að gögn málsins hefðu nægilega leitt í ljós að rökstuddur grunur hefði verið til staðar um brot A á tilteknum ákvæðum hegningarlaga og því hefði fyrra skilyrði 2. ml. 3. mgr. starfsmannalaga verið uppfyllt. Nefndin vísaði til þess að mat á seinna skilyrði 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, um það hvort umrædd háttsemi hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl., byggði á eðli hins meinta brots. Það var mat nefndarinnar, að háttsemi A, ef sönn reyndist, væri þess eðlis að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starfann og hefði þannig í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að ríkislögreglustjóra hefði verið rétt að veita A lausn frá störfum um stundarsakir.

3.11. Mál nr. 4/2003: Lögreglumenn, brot í starfi, andmælaréttur, aðgangur að gögnum í opinberri rannsókn, meðalhófsregla.

Ríkislögreglustjóri veitti B, lögreglumanni við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, lausn frá starfi lögreglumanns um stundarsakir með bréfi dags. 3. apríl 2003 veitti með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Aðdragandi umræddrar

Ákvörðunar var að þann 18. mars 2003 barst ríkislögreglustjóra bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík þar sem tilkynnt var um tvær kærur á hendur B vegna ætlaðrar ólögmatrar handtöku tveggja einstaklinga þann 9. mars 2003, framan við veitingastað í miðbæ Reykjavíkur. Var A, lögreglumaður, einnig kærður af þessu tilefni (sjá mál nr. 3/2003).

Með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 21. mars 2003 var B tilkynnt að til skoðunar væri hvort veita ætti honum lausn frá störfum um stundarsakir á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Var B gefinn kostur á að koma að gögnum og andmælum áður en umrædd ákvörðun yrði tekin. Beiðni lögmanns B um afrit allra ganga í málinu var hins vegar hafnað með vísan til laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og 3. mgr. 15. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Meðal rannsóknargagna var myndbandsupptaka úr eftirlitsmyndavél lögreglunnar í Reykjavík sem sýnir handstökur sem A og B framkvæmdu 9. mars framan við veitingahús í miðbæ Reykjavíkur.

Með bréfi B dags. 28. mars 2003 bárust ríkislögreglustjóra andmæli B og með áður nefndu bréfi ríkislögreglustjóra dags. 3. apríl 2003 var B veitt lausn frá störfum um stundarsakir með vísan til 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Þar var tekið fram að sú háttsemi, sem B var grunaður um, kynni að varða við tiltekin ákvæði hegningarlaga og hafa í för með sér sviptingu réttinda samkvæmt 68. gr. alm. hgl.

Þann 10. júní 2003 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur B, fyrir brot á tilteknum ákvæðum hegningarlaga sem vörðuðu ólöglegar handtökur, ranga skýrslugerð og brot í opinberu starfi. Í ákærinni var einnig ákærður A, lögreglumaður.

Málið barst nefndinni með bréfi ríkislögreglustjóra dags. 7. apríl 2003. B kærði ákvörðun ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins og var því beðið með að skipa nefndina þar til úrskurður ráðuneytisins lá fyrir. Þann 23. júní 2003 staðfesti dómsmálaráðuneytið ákvörðun ríkislögreglustjóra um að veita B lausn frá störfum um stundarsakir og þann 30. júní 2003 var nefndin skipuð.

Ríkislögreglustjóri krafðist þess að nefndin rannsakaði mál B og legði mat á hvort rétt hefði verið að veita honum lausn um stundarsakir. B krafðist þess hins vegar að nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið rétt að veita honum tímabundna lausn frá störfum.

Í áliti sínu frá 22. september vísaði nefndin til þess að B var veittur andmælaréttur þrátt fyrir að ekki hefði verið skylt að veita starfsmanni andmælarétt við umræddar aðstæður, sbr. 4. mgr. 26. gr. starfsmannalaga. Hins vegar taldi nefndin að andmælaréttur B hefði ekki verið virkur í raun, þar sem honum var synjað um aðgang að þeim gögnum sem ákvörðunin var reist á.

Nefndin taldi að með hliðsjón af atvikum máls og fyrirbyggjandi gögnum þess, að verulegur vafi léki á því hvort tilefni hefði verið til þeirra handtaka sem málið varðar og hvort meðalhófs hefði verið gætt við framkvæmd þeirra. Taldi nefndin að gögn málsins hefðu nægilega leitt í ljós að grunur um að B hefði brotið gegn 132. gr. alm. hgl., varðandi lögmæti handtöku, og 158. gr. alm. hgl. varðandi ranga skýrslugerð, hefði verið reistur á haldbærum rökum þegar ríkislögreglustjóri ákvað að veita honum

lausn frá störfum um stundarsakir. Í ljósi þessa taldi nefndin að fyrra skilyrði 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga hefði verið uppfyllt.

Nefndin vísaði til þess að mat á seinna skilyrði 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga, um það hvort umrædd háttsemi hefði í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl., byggði á eðli hins meinta brots. Taldi nefndin í því sambandi ekki skipta máli þótt ekki hefði verið krafist sviptingar embættis í hinu opinbera máli gegn B. Það var mat nefndarinnar að háttsemi B, ef sönn reyndist, væri þess eðlis að hann teldist ekki lengur verður eða hæfur til að rækja starfann og hefði þannig í för með sér sviptingu réttinda skv. 68. gr. alm. hgl.

Þá féllst nefndin ekki á að ríkislögreglustjóri hefði brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga með því að veita A lausn um stundarsakir á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 26. gr. starfsmannalaga í stað þess að neyta vægari úrræða gagnvart B, eins og t.d. að veita B áminningu. Nefndin vísaði til þess að umrætt ákvæði starfsmannalaga væri lögmælt bráðabirgðaúrræði sem lögin veittu til þess að bregðast á skjótan hátt við sérstökum aðstæðum. Rökin hér að baki væru þau að ekki væri forsvaranlegt að maður sem grunaður væri um að hafa framið brot í starfi, gegndi því áfram á meðan slíkur grunur væri til staðar. Ætti ákvæðið ekki síst við um starfsstéttir sem hefðu það hlutverk að halda uppi lögum í þjóðfélaginu og þyrftu að njóta trausts almennings.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að ríkislögreglustjóra hefði verið rétt að veita B lausn frá störfum um stundarsakir.